

# NÝJAR ÁSKORANIR OG AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMAT

## Umhverfismatsdagurinn 7.6.2017

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Skipulagsstofnun

# Dómar og úrskurðir – ný túlkun laga um valkosti og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun

- Nokkrir dómar og úrskurðir á undanförnum misserum
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 575/2016, kveðinn upp í febrúar sl.
- Þýðing fyrir aðrar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati
- Tvenn megin skilaboð
  - Um umfjöllun og mat á raunhæfum valkostum í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda
  - Um að leyfi verða að byggja á umhverfismati sem fullnægir kröfum laga
- Skilaboð til lagaendurskoðunar og praksís

# Lagarammminn – yfirstandandi endurskoðun

- Breytingar vegna tilskipunar frá 2014
- Breytingar í ljósi reynslu af framkvæmd mats á umhverfisáhrifum hér á landi
  - En einnig
- Breytingar í ljósi áðurnefnds dóms

- Breytingarnar varða ýmsa þætti, en meðal annars
  - Gildistíma umhverfismats (samband umhverfismats og leyfisveitinga)
  - Hæfni og þekkingu þeirra sem sinna umhverfismati og stjórnsýslu þess
  - Úrræði stjórnvalda við brotum
  - Svo dæmi séu tekin

# Stefna stjórnvalda og stefna í lögum – mikilvægur grundvöllur umhverfismats

Skipulagsstofnun

- Ný náttúruverndarlög
  - Ýmis nýmæli, svo sem
  - Sterkari áhersla á landslagsvernd
  - Sterkari ákvæði um sérstaka vernd vistgerða og jarðmyndana
  - Ákvæði um varúðarsjónarmið
- Landsskipulagsstefna
  - Stefna um skipulagsmál á miðhálendinu, í dreifbýli, þéttbýli og á haf- og strandsvæðum
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna






LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015–2026

LEIÐARLJÓS

SKIPULAG Á MIÐHÁLENDI ÍSLANDS

SKIPULAG Í DREIFBÝLI

BÚSETUMYNSTUR OG DREIFING BYGGÐAR

SKIPULAG Á HAF- OG STRANDSVÆÐUM

# Nýjar upplýsingar og aðferðir

- Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Óbyggð víðerni - Viðmið fyrir kortlagningu og áhrifamat
  - Forverkefni Háskóla Íslands, unnið fyrir Skipulagsstofnun 2016-2017
  - Verkefni Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar af stað 2017



**Víðerni og náttúrugæði**
Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálendisins með áherslu á verndun víðerna hálendisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja

**1.1.4 Kortlagning víðerna**
Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun hafi forgöngu um að reglulega liggi fyrir uppfærð kort af umfangi og þróun víðerna á miðhálendinu. Í því felst að ákveða viðmið fyrir mat á umfangi víðerna út frá skipulagssjónarmiðum og að hafa kort sem uppfærð eru reglulega um umfang víðerna aðgengileg fyrir skipulagsvinnu sveitarfélaga og annarra aðila.

**1.1.5 Umhverfismat**
Við umhverfismat áætlana og framkvæmda á miðhálendinu verði lagt mat á áhrif áætlunar og framkvæmdar á víðerni og hve mikil rýrnun, eða eftir atvikum endurheimt, verður á víðernum.



# Kynning og samráð

Skipulagsstofnun

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

1. gr. Markmið

Markmið laga þessara er:

a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
b. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
c. að **stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða** vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara,
d. að **kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda** sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisaðgerðir vegna þeirra og **gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en** álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.